

Jafnframt vottast, að málssóknin við yfirdóminn hefur verið vitalaus.

Því dæmist rjett vera:

Stefndi Einar Zoëga greiði áfrýjanda Jóni Ívarssyni 70 kr. 55 a. Málskostnaður fyrir báðum dómum fellur niður. Málflutningslaun hins skipaða sækjanda við yfirdóminn, málsfærslumanns Gísla Ísleifssonar, 15 kr., greiðist úr landssjóði.

Dóminum ber að fullnægja, áður liðnar sju 8 vikur frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 11/1896.

Eigandi Hjarðarholtskirkju,
Jón Tómasson,
gegn

upprekstrarfjelagi Hvítársíðu-, Þverárhlíðar- og Stafholtstungnahreppa og Norðurárdalshrepps austan Norðurár og Sanddalsár.

Dómur:

Mál þetta var í hjeradi höfðað af hinu stefnda upprekstrarfjelagi gegn áfrýjandanum sem umráðamanni og síðan eiganda Hjarðarholts í Stafholtstungum eða kirkjunnar þar, er í því skyni fjekk gjafvörn fyrir undirrjettinum, út af ágreiningi um eignarrjettinn að landshluta nokkrum í svonefndum Hellistungum, sem takmarkast af Norðurá,

Hellisá, Gislalæk, vatnahalla og Lambagili. Töldu báðir málspartar sig eigendur að nefndu landsstykki, en þó með þeim mismun, að upprekstrarfjelagið viðurkenndi að Hjarðarholtsbóndinn ætti rjett til selfarar í landinu kringum svo kallað Hjarðarholtsssel. Málið var dæmt í landamerkjadómi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 13. júlí f. á. þannig, að hið umþrætta land skyldi tilheyra upprekstrarfjelaginu, en jörðinni Hjarðarholti bera rjettur til selstöðu í landinu. Dagpeningar dósmanna, 150 kr., skyldu að helmingi greidast af almannafje, en helming skyldi upprekstrarfjelagið greiða. Að öðru leyti var málskostnaður látinn falla niður. Dómi þessum hefur af áfrýjandanum verið skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 20. febr. þ. á., að fenginni gjafsókn og skipuðum málsfærslumanni, og hefur þess verið krafizt af hans hálfu, að dómurinn verði ómerkur dæmdur og upprekstrarfjelagið dæmt til að greiða allan málskostnað eptir rjettarins mati, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Af hálfu upprekstrarfjelagsins hefur þess aptur á móti verið krafizt, að dómurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað eptir rjettarins mati.

Áfrýjandi hefur viljað sanna eignarrjett sinn að þrætulandinu með tilvísun til nokkurra eptirrita af vísitatum Hjarðarholtskirkju og tveggja lögfestna frá 1839 og 1880, og segir þar, að kirkjan í Hjarðarholti eigi land í Hellistungum með þeim ummerkjum, sem áfrýjandi hefur haldið fram, en þar sem skjöl þessi eru eigi annað en skrá-

setning þess, er umráðamenn eða eigendur kirkjunnar hafa einhliða viljað telja eign hennar, verða þau eigi álitin innihalda lögmæta sönnun fyrir eignarrjetti kirkjunnar að hinu umrædda landi. Af upprekstrarfjelagsins hálfu hefur aptur á móti verið skírskotað til jarðabókar Árna Magnússonar, og segir þar svo: »selstöðu á kirkjan (í Hjarðarholti) í Hellistungum fram frá Norðurárdal, þarsem heitir Hjarðarholtssel, hefur um langa tíð ekki brúkazt, því selstaðan er nú í almenningsupprekstri og þar með í fjarska«. Fleiri skjallæg skilríki eru eigi fram komin í málinu, en eins og þessi tilvitnun úr jarðabók Árna Magnússonar, sem að vísu eigi heldur er lögmæt sönnun að því þrætu-landið snertir, bendir til þess, að rjettur Hjarðarholtskirkju til þrætu-landsins hafi eigi á þeim tíma, er jarðabókin var samin, verið talinn viðtækari en stefndu vilja vera láta og notkun landins þaðan verið þó enn þá minni þá og um langa tíð áður, eins hefur það verið upplýst með vitnisburðum 4 manna fyrir merkjadóminum, að landið hafi nú um ómuna tíð verið notað af upprekstrarfjelaginu til uppreksturs, en frá kirkjunnar hálfu eða Hjarðarholtseigandans virðist aptur á móti engin notkun landsins, er teljandi sje, hafa átt sjer stað svo langt er skýrslur ná. Að svo vöxnu máli og með skírskotun til Jb. Llb. 26. kap. in f. verður það eigi talin lögleysa, að merkjadómurinn hefur dæmt landið eign upprekstrarfjelagsins að áskildum rjetti til selfarar í landið frá Hjarðarholti, og ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að öllu

leyti. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rjett að falli niður, og verða hium skipaða málsfærslumanni áfrýjanda eptir úrslitum málsins eigi dæmd nein málsfærslulaun, en það vottast, að málsfærslan af hans hendi og hins skipaða talsmanns kirkjunnar í hjeraði hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Landamerkjadómurinn á að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Nr. 31/1896.

Jón Jónsson
gegn

B. H. Bjarnason.

Dómur:

Áfrýjandinn, kaupmaður Jón Jónsson í Reykjavík, höfðaði mál þetta fyrir bæjarþingsrjetti Reykjavíkur gegn hinum stefnda, kaupmanni Brynjólfi H. Bjarnason samastaðar, út af verzlunarskuld, að upphæð 8 kr., og var málið dæmt í bæjarþingsrjettinum 9. júlím. þ. á. á þá leið, að stefndi var sýknaður og málskostnaður látinn falla niður. Dómi þessum hefur Jón kaupmaður Jónsson skotið til yfirdómsins með stefnu, dags. 19. ágústm. þ. á., og krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur, og málinu heimvísað, þannig, að það verði sett í það ástand, sem það var í, þegar áfrýjandinn 4. júní þ. á. bað um vikufrest í því til að leiða vitni fram, og að honum verði